

**67. Bréf dómstjórinnarinnar til amtmannsins yfir 1860.  
 norður- og austurumdæminu, um gjaldfrest á 28. desemb.  
 skuld jafnaðarsjóðsins.**

Í bræfi 3. októbermánaðar, er síðast leið, hafð þér, herra amtmaður, á ný farið þess á leit, að þeir 1333 rdl. 32 sk., sem jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins voru greiddir úr jarðabókarsjóði Íslands samkvæmt fjárukalögunum 29. desemberm. 1857, 3. gr., 7. tölulið, vegna fjársýkinnar, er þá geysaði yfir, verði annaðhvort alveg upp gefnir jafnaðarsjóðnum, eður honum að minnsta kosti enn veittur 5 ára frestur til að gjalda skuld þessa, og að sjóðurinn auk þess verði undan þeginn að svara vöxtum af henni.

Dómstjórinn svarar þessu á þá leið, að hún ekki sér sér fært að útvega jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins meiri linun í lúkningu skuldar þessarar, en veitt er í fjárlögum þessa árs (smbr. athugasemdirnar við 4. gr. A. 4) og stjórinn vonast því eptir að þér, herra amtmaður, nú án nokkurrar undanfærslu annist um, að ríkissjóðurinn fái lán það, sem hér er um rætt, endurgoldið að fullu svo fljótt sem verða má, og í seinasta lagi innan loka næsta fjárhagsárs.

**68. Bréf dómstjórinnarinnar til stiptamtannsins 28. desemb.  
 yfir Íslandi um uppástungur um styrk til um-  
 bóta í fjárræktinni á Íslandi m. m.**

Um leið og þér skýrðuð stjórnninni frá, hvernig heilbrigðis-ástand fjárens sé í þeim hëruðum í suðurumdæminu, þar sem fjárkláðinn hefir komið, hafð þér, herra stiptamtmaður, í bræfi 4. f. m. stungið upp á, að á ári hverju verði veittir allt að 5000 ríkisdalir til að bæta sauðfjárrækt á Íslandi, og að skipuð verði nefnd til að sjá um, að fê þessu sé varið vel og haganlega og gjöra fyrir því árlegan reikning.

En með því ekki eru fram komnar neinar nákvæmari uppástungur um, í hverju ráðstafanir þær, sem hér er um rætt,